



Garðabær 11.okt2018

Berist til: Gunnars Einarssonar og Guðjóns Erlings Friðrikssonar

Erindi: Stjörnutorg og klefamál

Í framkvæmdum við sundlaugina í Ásgarði var tveim klefum breytt í geymslusvæði undir sundlaugina og tímabundin lausn sett upp á setja gámaklefa við vallahúsið á Ásgarði. Ljóst er að þessi lausn er ekki ákjósanleg til framtíðar og óskar Stjarna hér eftir að fundin verði varanleg lausn á þessu vanda í samvinnu við félagið.

Eins hafa kröfur til félagsins varðandi lokun á Stjörnutorg breyst eftir að félagið fór að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu en torgið hefur verið í mótun eftir framkvæmdum við sundlaugina lauk. Vinnuskúr sem Stjarnan hafði afnot af var rifin og vantar því aðstöðu fyrir vallahúsið, verkfæri ofl. Eins þá vantar aðstöðu fyrir veitingasölu og miðasölu sem hefur verið í formi gáma sem bráðabirgðalausn.

Það er einlæg ósk félagsins að hægt sé að skoða í sameiningu við þarfir félagsins hvernig er hægt að finna framtíðarlausn á þessum vanda, því ljóst er að þó knattús rísi í Vetrarmýrinni þá mun félagið stækka með stækkandi bæjarfélagi en í dag eru yfir 1000 iðkendur í knattspyrnudeild þegar mfl eru taldir með.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan